



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 3. febrúar 2021

RMF21020001

4.2.5

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að íbúaráð og menningar- íþrótt og tómstundaráð útfæri 17. júní hátíðarhöld

Með erindi frá skrifstofu borgarstjórnar, dagsettu 29. janúar 2021, var svohljóðandi erindi sent menningar-, íþrótt- og tómstundaráði til meðferðar: **BORGARRÁÐ 28. janúar 2021: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að íbúaráð og menningar- íþrótt og tómstundaráð útfæri 17. júní hátíðarhöld - R21010290**. Lagt er til að íbúaráðum í samráði við menningar-, íþrótt- og tómstundaráð verið falið að útfæra 17. júní hátíðarhöld í öllum hverfum borgarinnar.

Sviðsstjóri óskaði umsagnar frá viðburðarteymi menningar- og ferðamálasviðs og er hún svohljóðandi.

Arna Schram

sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Umsögn viðburðarteymis menningar- og ferðamálasviðs

BORGARRÁÐ 28. janúar 2021: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að íbúaráð og menningar- íþrótt og tómstundaráð útfæri 17. júní hátíðarhöld - R21010290

Lagt er til að íbúaráðum í samráði við menningar-, íþrótt- og tómstundaráð verið falið að útfæra 17. júní hátíðarhöld í öllum hverfum borgarinnar.

Umsögn

Reynslan er sú að fólk er mjög þakklátt ef viðburðir sem alla jafna fara fram í miðborginni fari líka fram í úthverfunum. Jafnframt hefur reynst vel ef íbúaráðin hafi yfir fjármagni að ráða og sjái sjálf um að skipuleggja það sem fram fer í þeirra hverfum. Með því móti skapast ákveðið eignarhald í viðburðinum og jákvæðni og samheldni í hverfinu eyks.

Þriggja manna viðburðateymi skrifstofu menningarmála hjá menningar- og ferðamálasviði (MOF) hefur haft veg og vanda að skipulagningu hátíðarhalda í miðborginni undanfarin ár. Annars vegar sér teymið um að skipuleggja morgunathöfn á Austurvelli í samstarfi við- og fyrir hönd forsætisráðuneytisins og hins vegar skemmtidagskrá í miðborginni eftir hádegi. Svigrúmið til að stilla upp dagskrá eftir hádegi ræðst hverju sinni af því fjármagni sem sviðið hefur lagt til að fari í verkefnið. Morgunathöfnin er greidd af forsætisráðuneytinu.

Sumarið 2020 var farið í óhefðbundnar leiðir í skipulagningu hátíðarhaldanna, þar sem 500 manna samkomutakmarkanir leyfðu hvorki skruðgöngur né stórtónleika. Í staðinn var almenningur hvattur til að fara prúðbúinn í miðborgina, halda þjóðhátíðardaginn hátíðlegan og láta koma sér á óvart. Viðburðateymið skipulagði fjölmarga „pop-up viðburði“ um alla miðborg, auk þess sem götubíthátíð var á Klambratúni. Áætlað er að halda áfram að þróa þetta fyrirkomulag þar sem mikil ánægja var með þá stemningu sem skapaðist.

Ekki eru miklar líkur á því að hægt verði að bjóða upp á hefðbundin 17. júní hátíðarhöld á þessu ári með tilheyrandi mannfjölda og mannþröng, vegna heimsfaraldursins. Því væri jákvætt ef hátíðarhöldum yrðu dreift um alla borg, og framkvæmd og skipulagningu skipt á milli íbúaráðanna sem myndu sjá um hverfin. Viðburðateymi skrifstofu menningarmála sæi svo, sem fyrr, um miðborgina. Þannig væri áfram unnið að því að skapa líf í miðborginni, en með breyttu sniði og í anda síðasta árs myndi það viðburðahald geta fallið vel að dagskrá í hverfum borgarinnar.

Til að svo geti hins vegar orðið, er mælt með því að íbúaráðin fái eyrnamerkt fjármagn til að skipuleggja og halda uppi skemmtidagskrá í hverfunum. Viðburðateymið er svo boðið og búið að aðstoða íbúaráðin og veita ráðgjöf vegna skipulags og halda utan um kynningu í samstarfi við markaðsteymi MOF.